


Efni: Ásgarður svæði 1-4 – Breyting á skilmálum deiliskipulags

Deiliskipulagssvæðið:



Deiliskipulagssuppráttur svæðisins samþykktur / Staðfestur 14.5.1996.

Alls hafa verið gerðar 8 breytingar á deiliskipulaginu frá upphaflegu skipulagi.

Viðkomandi breyting á skilmálum deiliskipulagsins var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann _____

Í breytingunni felst breyting á skilmálum deiliskipulagsins sem tekur til heimilda fyrir útleigu á frístundahúsum innan svæðisins. Byggir viðkomandi heimild á heimildum aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar heimildir til útleigu sumarhúsa þar sem segir undir almennum skilmálum í kafla 3.1.2 Frístundabyggð:

Heimilt er að vera með gistingu í flokki I og II skv. reglugerð nr. 1277/2016 (sbr. f – lið 4. gr.), enda hafi starfsemin tilskilin leyfi, bílastæði verði innan lóðar og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðis leggst gegn starfseminni. Gera skal grein fyrir gististarfsemi í deiliskipulagi

Í breytingunni felst að bætt er við heimildum er varðar útleigu frístundahúsa þar sem segir:

Heimilt er innan deiliskipulagssvæðisins að stunda rekstur í formi útleigu frístundahúsa. Heimildin fellur undir flokk II – Frístundahús í skilgreiningu relugerðar nr. 1277/2016 er varðar veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Heimildin tekur til útleigu húsa í heild sinni en ekki til stakra herbergja. Við umsókn um rekstrarleyfi skal gera grein fyrir staðsetningu bílastæða og áætluðum hámarksfjölda gesta. Bílastæði skulu staðsett innan lóða.

Aðrir skilmálar deiliskipulagsins haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er varðar breytingu á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann _____.

Birt í B-deild stjórnartíðinda þann _____ 2025

Fh. Grímsnes- og Grafningshrepps

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU